

Sp.

335. Fyrirspurnir.

[182. mál]

- I. Til landbúnaðarráðherra um framkvæmd þingsályktunar um öflun skeljasands til áburðar.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

Hvað liður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 8. febr. 1972 um öflun skeljasands til áburðar?

II. Til menntamálaráðherra um væntanlegan Tækniháskóla Íslands.

Frá Lárusi Jónssyni

1. Hvað líður framkvæmd bráðabirgðaákvæðis laga nr. 66 frá 29. maí 1972 um könnun á að koma á fót Tækniháskóla Íslands og velja honum stað á Akureyri?
2. Hversu miklu landrými og aðstöðu þyrfti að gera ráð fyrir í aðalskipulagi fyrir slíkan skóla á Akureyri, en nú er unnið þar að gerð slíks skipulags, sem gilda á næstu 20 ár?

III. Til fjármálaráðherra um smíði skuttogara á Spáni.

Frá Lárusi Jónssyni.

1. Hve hárrí upphæð nema kröfur skipasmíðastöðva á Spáni umfram upphaflegt umsamið verð hvers togara, sem þar er í smíðum fyrir ríkissjóð?
2. Hvert verður endanlegt smíðaverð hvers skips, ef gengið verður að þessum kröfum?
3. Hve hátt var tilboð Slippstöðvarinnar á Akureyri í smíði hliðstæðra skipa, reiknað á núgildandi verðlagi?

IV. Til fjármálaráðherra um afhendingu skuttogara fyrir Útgerðarfélag Akureyringa.

Frá Lárusi Jónssyni.

Er það rétt, sem komið hefur fram í fjölmiðlum, að skipasmíðastöðvarnar á Spáni muni ekki afhenda togara, sem ætlaðir voru Útgerðarfélagi Akureyringa? Ef svo er, hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstjórnin gera til þess, að Akureyringar fái hliðstæð skip á viðráðanlegu verði?

V. Til iðnaðarráðherra um samkeppnishætti erlendra skipasmíðastöðva.

Frá Lárusi Jónssyni.

Hyggst ríkisstjórnin ekki láta rannsaka samkeppnishætti erlendra skipasmíðastöðva út af því, sem nú er að gerast í þessu efni á Spáni, og meta samkeppnishæfni íslenska skipasmíðaiðnaðarins gagnvart erlendum stöðvum?

VI. Til sjávarútvegsráðherra um friðuð svæði á Breiðafirði.

Frá Jónasi Árnasyni.

Hefur verið gerð vísindaleg athugun á því, hvaða gagn hafi orðið að þeirri friðun stórra svæða á innanverðum Breiðafirði, sem komst á fyrir nokkrum árum að frumkvæði sjómanna og útgerðarmanna þar vestra og felst í því, að bannað er að nota þarna önnur veiðarfæri en handfæri og línu?

VII. Til samgönguráðherra um sjálfvirk radiódufl í íslenskum skipum.

Frá Jónasi Árnasyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 16. maí 1972 um, að sett verði í reglugerð, að öll íslensk skip skuli hafa um borð sjálfvirk radiódufl til neyðarkallssendinga?

VIII. Til landbúnaðarráðherra um verðlagsgrundvöll landbúnaðarvara.

Frá Pálma Jónssyni.

1. Hvað líður gerð nýs verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara, er upphaflega átti að taka gildi 1. sept. 1972?
2. Frá hvaða tíma er hinum nýja grundvelli ætlað að gilda?
3. Hverjar verða helztu breytingar á magnbólum verðlagsgrundvallarins?